



Þinggerð 16. ársþings Héraðssambands Þingeyinga

haldið á Breiðumýri, 10. mars 2024



Dagskrá

1. Þingið sett
2. Starfsmenn þingsins kosnir
 - a. Forsetar
 - b. Ritarar
3. Kjörbréfanefnd kosin
4. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins kynntir
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Álit kjörbréfanefndar
7. Reikningar bornir undir atkvæði
8. Ávörp gesta
9. Mál lögð fyrir þingið
10. Skipan í starfsnefndir – nefndarstörf
 - a. Allsherjarnefnd
 - b. Íþróttanefnd
 - c. Fjárhagsnefnd
 - d. Laganefnd
11. Afgreiðsla mála
12. Kosningar
 - a. Formaður
 - b. Aðalmenn í stjórn
 - c. Varamenn í stjórn
 - d. Skoðunarmenn reikninga
 - e. Fulltrúi á íþróttaping ÍSí
13. Önnur mál
14. Þingslit



Þinggerð

1. Þingsetning (kl. 10:05)

Jón Sverrir Sigtryggsson, formaður HSP, setti þing og bauð fólk velkomið.

2. Starfsmenn þingsins kosnir

Formaður gerði tillögu um Arnór Benónýsson sem þingforseta. Það var samþykkt með lófaklappi. Formaður gerði einnig tillögu að ritaraþing þings yrðu þau Aðalbjörn Jóhannsson og Gunnhildur Hinriksdóttir sem einnig var samþykkt samhljóða.

Þingforseti hóf störf þingsins með því að láta þingið skipa í kjörbréfanefnd og bar að því loknu fram tillögu um að sameina störf fjögurra nefnda í tvær nefndir á þinginu.

3. Kjörbréfanefnd

Þingforseti gerði tillögu um Hermann Aðalsteinsson sem formann ásamt Huldu Þóreyju Garðarsdóttur og Valgerði Jósefsdóttur í nefndina. Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

4. Skýrsla stjórnar og ársreikningar 2023 (kl. 10.10)

Jón Sverrir, formaður HSP, flutti skýrslu stjórnar. Þar fór hann yfir helstu störf stjórnar og framkvæmdastjóra sl. starfsár. Skýrsluna er að finna í ársskýrslu HSP 2023 á heimasíðu sambandsins <https://hsth.is/arsting/>

Reikningar sambandsins

Framkvæmdastjóri HSP fór yfir reikninga sambandsins. Helstu tölur voru að rekstrartekjur námu kr. 22.420.725 og rekstrargjöld kr. 20.436.114. Tæpum 12 milljónum var deilt út til félaganna vegna lottó. Hagnaður sambandsins með fjármagnsliðum var kr. 3.125.517. Reikningana og skýringar við þá má finna í ársskýrslu HSP 2023 á heimasíðu sambandsins <https://hsth.is/arsting/>.

5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Ein fyrirspurn barst úr sal, útskýring á því hvað risna væri, sem er t.d. samlokur eða matur tengdur ferðum á fundum ÍSÍ og UMFÍ. Annars kvað sér enginn hljóðs varðandi umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga.

6. Álit kjörbréfanefndar

Formaður kjörbréfanefndar, Hermann Aðalsteinsson, lýsti því yfir að nefndin hefði farið yfir mörg og skemmtileg kjörbréf. Mættir eru 43 þingfulltrúar frá 17 félögum af 24 sem áttu á að senda þingfulltrúa. Þingforseti fær leyfi þingsins til þess að leyfa einu kjörbréfi að bætast við, þ.e. fyrir fulltrúa hestamannafélagsins Þjálfar en fyrir félagið er einn þingfulltrúi á þinginu.

Mættir voru eftirfarandi fulltrúar:

Golfklúbbur Húsavíkur (3/3): Fannar Ingi Sigmarsson, Hulda Þórey Garðarsdóttir, Valur Guðmundsson

Hestamannafélagði Grani (2/2): Bjarki Helgason, Jón Ólafur Sigfússon

Íþróttafélagið Völsungur (9/9): Jónas Halldór Friðriksson, Sigurður P. Dagbjartsson, Freyr Ingólfsson, Aron Fannar Skarphéðinsson, Guðrún Eiríksdóttir, Kristján Gunnólfsson, Sigrún Marta Jónsdóttir, Hildur Anna Brynjarsdóttir, Ármann Örn Gunnlaugsson

Ungmennafélagið Austri (1/1): Birna Björnsdóttir

Skotíþróttafélag Norðurlands (1/1): Kristján R. Arnarson

Hestamannafélagið Snæfaxi (2/2): Gísli Jónsson, Eggert Stefánsson

Íþróttafélagið Magni (3/4): Arnþór Pétursson, Gísli Gunnar Oddgeirsson, Gunnar Guðmundsson



Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag (4/4): Anton Freyr Birgisson, Jóhanna Jóhannesdóttir, Ragnheiður Jóna Grétarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir
Íþróttafélagið Þingeyingur (2/2): Brynjar Þór Vigfússon, Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir
Ungmennafélag Langnesinga (4/4): Dagbjört Aradóttir, Sigurbjörn V. Friðgeirsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Bergþóra Þórarinsdóttir
Hestamannafélagið Feykir (1/1): Berglind Ýr Ingvarsdóttir
Skákfélagið Goðinn (1/1): Hermann Aðalsteinsson
Skotfélag Húsavíkur (2/2): Hallur Þór Hallgrímsson, Arnþór Haukur Birgisson
Ungmennafélagið Einingin (1/1): Sigurlína Tryggvadóttir
Ungmennafélagið Efling (3/3): Aðalbjörn Jóhannsson, Gunnhildur Hinriksdóttir, Valgerður Jósefsdóttir
Ungmennafélagið Bjarmi (3/3): Úlla Árdal, Karl Magnússon, Sigríður Árdal
Hestamannafélagið Þjálfí (1/3): Jón Sverrir Sigtryggsson

Eftirfarandi félög sendu ekki fulltrúa: Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar, Golfklúbbur Mývatnssveitar, Golfklúbburinn Gljúfri, Golfklúbburinn Lundur, Skotfélag Þórshafnar og nágrennis, Ungmennafélagið Geisli, Ungmennafélagið Leifur heppni.

7. Reikningar bornir undir atkvæði

Ársreikningur 2023 borinn upp til samþykktar. Hann er samþykktur samhljóða.

8. Ávörp gesta (kl. 10:40)

Viðar Sigurjónsson, fulltrúi frá ÍSÍ, mætti í pontu með stutt ávarp. Viðar óskaði stjórn félagsins til hamingju með gott utanumhald, öflugt og stöndugt samband. Viðar lýsti yfir ánægju með nýja svæðisskrifstofu og minnti á viðveru sína á skrifstofu ÍSÍ á Akureyri sem sérfræðingur á stjórnsýsluviði ÍSÍ en hann heldur m.a. utan um þjálfaramenntun ÍSÍ og verkefni í kringum fyrirmyndarfélög og fyrirmyndarhéruð ÍSÍ. Viðar hvetur bæði félögin og sambandið að skoða að sækja um þessa viðurkenningu enda sé það merki um gæði í starfi. Ýmis spjót hafi eðlilega beinst að íþróttahreyfingunni og mikilvægt að hreyfingin bregðist rétt við í kjölfarið. Ávarpið fór inn á nýjar úthlutunarreglur lottó og hlakkaði Viðar til að heyra umræðu um þær. Að lokum fór hann inn á mikilvægi félagslega hlutans í starfi íþrótt- og ungmennafélaga og þá sérstaklega samræðunnar sem á sér stað og persónulegra samskipta milli félaga í hreyfingunni.

Gunnar Gunnarsson, fulltrúi frá UMFÍ, flutti kveðju og hvatningu frá stjórn og starfsfólki UMFÍ í kjölfar flókinna og áhugaverðra tíma. Lærdómur þess tíma væri samstaða og samstarf og styrkur þess að standa saman. Gunnar fór yfir málefni svæðisskrifstofana sem eru einhver mesta breyting sem við höfum séð á starfi íþrótt- og ungmennahreyfingarinnar á síðustu árum. Þessar breytingar eru stórar og þurfa eðlilega sína umræðu en hafa þegar hlotið samþykki á sambandsþingum UMFÍ og ÍSÍ. Samböndin og starfsemi þeirra hafa þróast í árána rás en vonin er að svæðisskrifstofurnar styrki starfsemi félaga í heimahéraði, styðji við staðbundið starf og styðji við þátttöku barna og fatlaðra ásamt einstaklinga með skert tækifæri í skipulögðu ungmenna- og íþróttastarfi. Takmarkið er að geta aðstoðað félögin og hreyfinguna við að sinna skyldum sínum gagnvart félögum sínum. Ný félög hafa gengið inn í UMFÍ, m.a. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og að auki liggur umsókn frá Suðurnesjunum. Innan UMFÍ eru nú um 500 félög um allt land. Vonin er að hægt verði að koma til móts við nýja hópa.

Gunnar kom einnig inn á það að framundan er endurskoðun íþróttalaga. UMFÍ sinnir hagsmunagæslu félaga um allt land, m.a. með því að hafa áhrif á lagasetningu. Vonin er að íþróttahreyfingin snúi bökum saman og hafi áhrif á málið. Mjög mikilvægt mál fyrir alla en sérstaklega brothættari byggðir landsins enda er rekstur íþróttafélaga mjög krefjandi. Vextir koma illa við lítil félög og styrkir hafa



dregist saman á landsvísu. Gunnar lýsir þó ánægju með að HSP standi þar vel. Íslensk getspá og Íslenskar gettraunir hafa aflað hreyfingunni fjár í mörg ár og því er sorglegt að sjá félagi í hreyfingunni tala fyrir hönd erlendra og ótengdra gettraunafyrirtækja þrátt fyrir að starfsemi þeirra sé ólögleg. Það eru hagsmunir íslensku íþróttahreyfinganna að gettraunastarf flytjist ekki út úr landi enda þrátt fyrir að í sumum tilfellum geti þessi erlendu fyrirtæki veitt tímabundinn stuðning til staðbundinna íþróttaverkefna þá er það langtímahagsmunir hreyfingarinnar að standa vörð um starfsemi íslenskra gettrauna. Það er von UMFÍ að svæðisskrifstofurnar og starfsmenn þeirra geti eftt umsóknir félaganna í stærri sjóði, bæði innlenda og erlenda. Gunnar minnir að lokum á verkefni og mót UMFÍ á árinu, forsetahlaupið, LM50+ í Vogunum, ULM í Borgarnesi og ungmennaráðstefnuna í september, áður en hann þakkar fyrir sig.

9. Mál lögð fyrir þingið (kl. 11:00)

Þingforseti minnir þingið á að hlutverk þingfulltrúa er að móta starf sem nær yfir u.þ.b. fjórðung landsins og því mikil ábyrgð sem því fylgir. Að því loknu fór hann yfir fyrirkomulag málavinnslu en fyrst voru þingskjölin lögð fyrir þingið í heild sinni til yfirferðar og umræðu áður en um þau var fjallaði í nefndum.

Jón Sverrir, formaður HSP, steig í pontu og fór yfir framlögð þingskjöl og vísaði þeim í nefndir:

Þingskjal 1

Lagt fram af stjórn HSP

Þakkar- og hvatningartillögur

Ársþing HSP, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024, færir Langanesbyggð, Norðurþingi, Þingeyjarsveit, Grýtubakkahrepp, Tjörneshrepp og Sparisjóði Suður-Þingeyinga bestu þakkir fyrir veittan stuðning og samstarf á árinu 2023. Stuðningur sveitarfélaga og fyrirtækja er mikilvægur hlekkur í því að halda úti starfsmanni á vegum HSP og efla starf HSP.

Ársþing HSP, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024, hvetur alla félagi, unga sem aldna, að fjölmenna á mót UMFÍ í sumar en þau eru Landsmót UMFÍ 50+ haldið í Vogum á Vatnsleysuströnd dagana 7.-9. júní, og Unglingalandsmót UMFÍ sem fer fram í Borgarnesi 1.-4. ágúst. Allar upplýsingar um mótin eru á heimasíðu UMFÍ www.umfi.is.

Þingskjali 1 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar

Þingskjal 2

Lagt fram af stjórn HSP

Breytingar á aðildarfélögum HSP

Ársþing HSP, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024, samþykkir eftirfarandi breytingar á aðildarfélögum HSP:

- i. Skráningu Umf. Geisla úr HSP
- ii. Skráningu Umf. Leifs heppna úr HSP
- iii. Skráningu Skotfélags Þórshafnar og nágrennis úr HSP

Greinargerð:

Í 21. gr. laga HSP stendur: „Hvert það aðildarfélag sem ekki hefur haldið aðalfund, sent skýrslur og ársreikninga eða greitt árgjöld í samræmi við 19. og 20. grein, missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi HSP. Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum skal ársþing HSP víkja félaginu úr sambandinu. Víki ársþing HSP félagi úr sambandinu er stjórn HSP skylt að tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.“



Í 19.gr. laga HSP kemur m.a. fram að „Hvert aðildarfélag skal halda aðalfund, leggja fram skýrslur og ársreikninga og bera upp við félagsmenn sína eins og lög þess gera ráð fyrir og staðfest hafa verið af HSP, ÍSí og/eða UMFÍ [..].“

Stjórnnum þessara félaga var sent bréf þann 1. febrúar þess efnis að til stæði að skrá félögin úr héraðssambandinu þar sem þau hefðu ekki staðið við skyldur sínar skv. lögum HSP. Var þeim boðin aðstoð vegna þessa og óskað eftir viðbrögðum við erindinu fyrir lok febrúar. Engin svör bárust frá félögunum og er því gerð tillaga að því að skrá þessi félög úr HSP.

Þingskjal 2 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar

Þingskjal 3

Lagt fram af stjórn HSP

Staðsetning næsta ársþings

Ársþing HSP, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024, samþykkir að næsta ársþing HSP verði haldið af Íþróttafélaginu Völsungi á Húsavík.

Þingskjal 3 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar

Þingskjal 4

Lagt fram af stjórn HSP

Lagabreytingar fyrir næsta þing

Ársþing HSP, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024, samþykkir að fela stjórn HSP að vinna að breytingum á lögum HSP með það að markmiði að ársþing HSP verði haldið á tveggja ára fresti og formannafundur þar á milli. Stjórn HSP er falið að vinna eftir þeim áherslum sem samþykktar eru á þinginu 2024 varðandi stjórnarkosningar og annað er viðkemur þessum lagabreytingum.

Greinargerð: Sú hugmynd hefur komið upp að ársþing HSP verði haldin annað hvert ár og á móti sé boðað til formannafundar annað hvert ár. Samhliða þessu þarf að ræða hvernig aðildarfélög telja best sé að haga stjórnarkjöri og lengd kjörtímabíla verði ársþingin haldin annað hvert ár. Þá er æskilegt að fram komi hugmynd að því hvernig skuli skipað í stjórn HSP, þ.e. varðandi uppstillingarnefnd eða samvinnu félaga varðandi stjórnarfólk. Þess er vænst að ársþingið nú komi með tillögur að áherslum fyrir nýja stjórn varðandi lagabreytingartillögur. Breytingar á tíðni ársþinga felur í sér breytingar á 3. grein (og álíka orðalagsbreytingar í öllum lögnum þar sem ekki verði lengur talað um ársþing heldur frekar héraðsþing t.d.), 4. grein, 7. grein, 9. grein (mögulega), 11. grein (mögulega). Sjá lög HSP www.hsth.is/log-hsth/.

Þingskjal 4 vísað til allsherjar- og íþróttanefndar

Þingskjal 5

Lagt fram af stjórn HSP

Breytingar á lottóreglugerð sambandsins

Ársþing HSP, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024, samþykkir eftirfarandi breytingar á lottóreglugerð sambandsins. Það sem tekið er út er ~~yfirstrikað~~, viðbætur og breytingar eru *skáletraðar*.

Greinargerð: Vegna breytinga á rekstrartekjum HSP telur stjórn HSP einboðið að leggja fram breytingar á lottóreglugerð sambandsins til þess að verja stöðu sambandsins og skrifstofu hennar.

Lottóreglugerð Héraðssambands Þingeyinga

Lottótekjurnar skiptast þannig:

- a) ~~5% til verkefna- og styrktarsjóðs HSP~~
- b) ~~20% til HSP~~
- c) ~~75% til aðildarfélaga HSP skv. eftirfarandi skiptingu:~~
 - 15% eftir mætingu á ársþing í hlutfalli við heildarfjölda mættra þingfulltrúa



70% eftir iðkendatali 6-17 ára
15% eftir fjölda félagsmanna, 18 ára og eldri

- a) 70% til HSP
b) 30% til aðildarféлага HSP skv. eftirfarandi skiptingu:
- 15% eftir mætingu á ársþing HSP í hlutfalli við heildarfjölda mættra þingfullrúa
 - 70% eftir iðkendatali 17 ára og yngri
 - 15% eftir fjölda félagsmanna, 18 ára og eldri

Forsendur fyrir úthlutun skv. ~~eb~~-lið

- Fulltrúi aðildarfélags mæti á ársþing HSP.
- Félag skili skriflegri skýrslu til HSP, sem birtist í ársskýrslu HSP, þar sem starfi félagsins síðastliðið starfsár er lýst.
- Félag skili starfsskýrslu í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

Uppfylli félag ekki þessar forsendur skv. 1. lið fær félagið ekki úthlutað úr lottó. Hlutur félagsins rennur þá til annarra aðildarféлага skv. úthlutunarreglum í c)-lið. Hafi félag staðið undir forsendum *uppfyllt forsendur skv. lið 1 og 2 en ekki 3* er stjórn sambandsins heimilt að fresta lottógreiðslum til félagsins þar til félagið hefur staðið skil á starfsskýrslunni *skal stjórn HSP halda eftir lottógreiðslum til félagsins. Stjórn skal áætla lottógreiðslur og miða við forsendur síðastliðins skilaárs*. Hafi félagið ekki enn skilað inn starfsskýrslum skv. 3. lið þann 1. desember skal hlutur þess renna í aðalsjóð *verkefna- og styrktarsjóð* HSP.

Þingskjali 5 vísað til fjárhags- og laganeftardar

Þingskjal 6

Lagt fram af stjórn HSP

Fjárhagsáætlun 2024

Ársþing HSP, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024, samþykkir framlagða fjárhagsáætlun ársins 2024.

Greinargerð: Það er ljóst að lottótekjur HSP munu skerðast verulega á árinu vegna nýrra og samrýmdra úthlutunarreglna hjá UMFÍ og ÍSÍ. Samhliða fjárhagsáætluninni er lögð fram tillaga að breytingu lottóreglugerð HSP og þurfa þessar tvær tillögur að lesast saman. Helsta breyting frá áætlun síðustu ára lýtur að útdeilingu á lottói til aðildarféлага HSP, verði tillaga að breytingu á lottóreglugerðinni samþykkt, en þá mun umtalsvert lægra hlutfall renna til aðildarfélaganna. Á móti kemur að lagt er til að árgjöld félaga verði kr. 0,- og mun rekstrarafgangur skv. fjárhagsáætlun renna í verkefna- og styrktarsjóð.

Fjárhagsáætlun HSP 2024					
Rekstrartekjur	Áætlun 2024	REKSTUR 2023	Áætlun 2023	REKSTUR 2022	REKSTUR 2021
Framlög og styrkir	12.460.000	20.869.725	17.870.000	19.729.540	19.349.136
Lottó ÍSÍ og UMFÍ	8.500.000	15.787.479	13.500.000	14.921.414	14.749.284
Getraunir 1x2	250.000	406.552	250.000	267.899	167.486
Rekstrarstyrkir frá sveitarfélögum	3.400.000	3.571.200	3.060.000	3.409.280	3.108.480
Styrkir ÍSÍ (útbreiðslustyrkir)	-	898.790	750.000	965.414	773.886
Styrkir v. ULM	200.000	-	200.000	-	40.000
Styrkir v. Æfum alla ævi	-	-	-	-	400.000
Aðrir styrkir	110.000	205.704	110.000	165.533	110.000
Aðrar tekjur	40.000	1.551.000	1.340.000	1.592.500	1.556.000
Skattar félaga	-	1.403.000	1.300.000	1.418.500	1.432.000
Leiga HSP tjaldi	40.000	180.000	40.000	170.000	120.000
Niðurfelld ógr. Tjaldaleiga frá 2019	-	-40.000	-	-	-
Vörusala (bún., bækur, pennar ofl)	-	8.000	-	4.000	4.000
Rekstrartekjur alls	12.500.000	22.420.725	19.210.000	21.322.040	20.905.136
Rekstrargjöld	Áætlun 2024	REKSTUR 2023	Áætlun 2023	REKSTUR 2022	REKSTUR 2021



Laun og launat. gjöld 50% frkv.	5.500.000	5.056.460	5.000.000	3.738.875	3.664.963
Styrkir til félaga	2.550.000	11.840.611	10.125.000	11.173.512	11.136.440
Lottó	2.550.000	11.840.611	10.125.000	11.173.512	11.136.440
Áhöld, tæki og búningar	50.000	1.975	50.000	-	-
HSP - kerra	50.000	1.975	50.000	-	-
Þátttaka í mótum	300.000	230.344	250.000	68.234	-
Þátttökukostn. ULM	200.000	128.160	200.000	52.000	-
Annar kostn.	100.000	102.184	50.000	16.234	-
Verðl., bikarar, annar mótakostn.	50.000	50.000	100.000	103.900	90.000
Húsaleiga / skrifstofa Laugar	135.000	128.139	130.000	50.360	120.000
Rekstur skrifstofu	1.670.000	1.720.393	2.000.000	1.551.939	1.088.395
Sími, ritföng, póstkostnaður	55.000	47.258	50.000	44.551	39.185
Þingkostnaður Ársþing HSP	755.000	793.901	750.000	755.591	552.384
Ferðakostnaður stjórnar	100.000	-	100.000	-	-
Ferðak. Fundir/Þing UMFÍ og ÍSí	200.000	431.549	400.000	104.910	75.908
Bókhald og endurskoðun	310.000	287.859	350.000	286.780	235.584
Auglýsingakostnaður	100.000	39.900	150.000	117.738	113.486
Annar skrifstofukostnaður	150.000	119.926	200.000	242.369	71.848
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	2.095.000	1.378.940	1.375.000	1.239.095	1.948.398
Verkefna- og styrktarsjóður HSP	1.945.000	1.078.940	1.075.000	939.095	1.324.810
Styrkir Frjálsíþr.ráð	150.000	300.000	300.000	300.000	300.000
Annar fræðslu- og útbreiðslukostn.	-	-	-	-	323.588
Önnur gjöld	150.000	29.252	200.000	88.557	14.243
Rekstrargjöld alls	12.500.000	20.436.114	19.230.000	18.014.472	18.062.439
Hagnaður / tap	-	1.984.611	- 20.000	3.307.568	2.842.697

Þingskjal 6 vísað til fjárhags- og laganeftardar

Þingskjal 7

Lagt fram af stjórn HSP

Endurskoðun á úthlutnarreglum verkefnasjóðs

Ársþing HSP, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024, samþykkir að taka úthlutunarreglur Verkefna- og styrktarsjóðs til endurskoðunar á ársþinginu í ljósi breyttra forsenda í fjárhagsáætlun og tillögu að breytingu á lottóreglugerð sambandsins. Stjórn HSP er falið að vinna eftir þeim áherslum sem samþykktar eru á þinginu 2024.

Greinargerð: Verði tillögur að breytingu á lottóreglugerð og fjárhagsáætlun samþykktar er ljóst að mun minna fé mun renna sjálfkrafa beint til aðildarfélaga HSP. Því er líklega æskilegt að úthlutunarreglur Verkefna- og styrktarsjóðs HSP verði endurskoðaðar t.d. er varðar 4. gr. um tekjur sjóðsins, 7. gr. um hverjir hafi heimild til að sækja um í sjóðinn, og kannski ekki síst 5. gr. um markmið sjóðsins og til hvers konar verkefna sjóðurinn úthlutar. Sjá reglugerð um verkefna- og styrktarsjóð HSP www.hsth.is/reglugerdir/.

Þingskjal 7 vísað til fjárhags- og laganeftardar

Þegar formaður hafði farið yfir tillögurnar sem lágu fyrir þinginu bauð þingforseti þingheim að ræða þingskjölin án þess að þurfa að koma í pontu, en minnti þó á að fulltrúar yrðu að biðja um orðið. Mæltist þetta vel fyrir og auðveldaði aðilum að tjá skoðun sína.

Anton Freyr Birgisson, formaður Mývetnings, tók til máls varðandi lottótekjur og svæðisskrifstofur. Hann viðurkenndi að hafa ekki fylgst með umræðunni síðustu ár en að hann sé hugsí og mjög hissa á því að tillögur um þessi mál, þ.e. lottótekjurnar og svæðisskrifstofurnar, hafi verið samþykktar á þingum UMFÍ og ÍSí enda horfi fram á mikinn niðurskurð í framlögum til bæði sambandsins, sem sýndi fram á góðan rekstur þetta árið, og félaganna. Hann lýsti óánægju með þá sjóðavæðingu sem



hefur orðið og þykir ekki ráðlegt að félögum, líkt og þeim sem ættu aðild að HSP og hefðu sýnt fram á góða ábyrgð í rekstri, verði gert að fara í flókin ferli við að sækja í utanaðkomandi sjóði. Hann skyldi því ekki að stjórn eða þingið gæti samþykkt þetta fyrirkomulag.

Gunnhildur, framkvæmdastjóri HSP, tók til máls og árétti að fyrirkomulagið hefði þegar verið samþykkt á þingum UMFÍ og ÍSÍ en að ríkið hefði komið til móts við hreyfinguna með fjárframlögum. Það væri því ekki hlutverk ársþings HSP að samþykkja eða breyta samþykktu fyrirkomulagi þó umræða um málið væri sjálfsgöð.

Anton Freyr áréttar afstöðu sína til þess að hann sé helst hugsí yfir skiptingu lottótekna milli HSP og aðildarfélaganna og hvort ekki þurfi að ræða sérstaklega framtíðarrestrarfyrirkomulag HSP í heild sinni.

Hermann Aðalsteinsson, Goðanum, spyr hvort liggi fyrir hvar svæðisskrifstofurnar eiga að vera staðsettar?

Gunnhildur, sem sat í nefnd ÍSÍ og UMFÍ um svæðisskrifstofurnar, kom og útskýrði hvernig fyrirkomulagið er hugsað. Átta svæðisskrifstofum verður skipt um landið en á fundum nefndarinnar hefur verið reynt að ákveða hver tilgangur svæðisskrifstofanna eigi að vera enda réttmæt umræða uppi um verkefni þeirra. Mörg félög séu að sjá mikla skerðingu á fjárframlögum til sín. Svæðisskrifstofurnar voru í upphafi ekki endilega hugsaðar sem staðbundnar en eftir því sem umræðan þróaðist þá kom fram sú krafa að um 100% stöður væri að ræða sem hægt væri að staðsetja vel með samtal og góðan stuðning í huga. Mikill munur hefur verið á starfsemi íþróttahéraða um landið og því erfitt að gera samþætta starfslýsingu sem gilti yfir allt landið og öll átta svæðin. Von er að hægt verði að aðlaga starf hverrar svæðisskrifstofu að sínu starfssvæði. Líkur eru til þess að svæðisskrifstofan verði staðsett á Akureyri en Gunnhildur hvatti öll til að sækja um þegar starfið verður auglýst.

Jón Sverrir, formaður HSP, tekur málið saman sem svo að vitað sé að félögin fái minni fjármagn en óljóst hvernig úr því verður unnið.

Sigurður Dagbjartsson, Völsungi, spyr hvernig á því stendur að samþykkt hafi verið að félög sem vitað er að reiða sig á fjárframlögin þurfi að standa frammi fyrir óljósri rekstrarstöðu.

Jón Sverrir svarar því að ekki hafi verið ljóst með fjárframlag ríkisins og því hafi jafnvel komið nokkuð á óvart að samþykktin hafi gengið í gegn.

Gunnhildur minnir á hvatasjóðinn sem þó er margt óljóst um en minnir á að við störfum á svæði sem fellur undir skilyrði um skert tækifæri.

Gunnar, fulltrúi UMFÍ, talar um að breytingin eigi sér sagnfræðilega skýringu enda verður stór breyting á UMFÍ þegar íþróttabandalögin, eftir margra ára ferli, koma inn í sambandið. Það er afstaða hreyfingarinnar að innkoma íþróttabandalaganna styrki hreyfinguna til lengri tíma þó að aðild þeirra hafi verið umdeild. Þá hafi staðan orðið sú að allt í einu var misrétti milli félaga því íþróttabandalögin fengu ekki lottótekjur frá UMFÍ og myndu ekki fá fyrr en úthlutunarreglur lottós frá UMFÍ og ÍSÍ yrðu samræmdar. Til að ná ákveðinni sátt þarna inn þá kemur ríkið inn með 200 milljóna fjárframlag sem er hærri upphæð en gert var ráð fyrir auk þess sem framlagið barst fyrr en íþróttahreyfingin átti von á. Tímasetning framlagsins þrengdi tímaramma ÍSÍ og UMFÍ til að útfæra umgjörð fjárframlaga umtalsvert sem kemur augljóslega fram í umræðu félaga. Svæðisskrifstofurnar með ákveðnum lögboðnum og svæðisbundnum verkefnum eru útfærsla á skilyrðum ríkisins fyrir fjárframlaginu. Hann sér þá stöðu sem HSP er í þar sem óvenjulega stór þéttbýliskjarni, Akureyri, er á starfssvæði svæðisskrifstofunnar og þær flækjur sem því kann að fylgja.



Anton Freyr þakkaði Gunnari fyrir þessa sögulegu skýringu. Bakgrunnur Antons er vissulega í fyrirtækjarekstri og það útskýrir kannski hans afstöðu til þeirrar sýnar sem hann hefur, að verið sé að draga fjármagn frá starfsemi svæðisfélaganna til þess að fjármagna stöðugildi með verulega óljós hlutverk. Anton veltir upp og talar um áhrif HSP á þróun þessara starfa og mögulegrar úthlutunar á eyrnamerkta fjármagni.

Hermann spyr út í komandi nefndarvinnu og er að velta því fyrir sér hver sé tilgangur umræðu um framlögð mál.

Jónas Halldór Friðriksson, Völsungi, lýsir yfir óánægju sinni með fyrirkomulagið enda stórefast hann um að það muni efla þátttöku barna. Hann sér fyrir sér að þetta þýði hækkuð æfingagjöld barna sem vinnur á móti þeirri áherslu að aðstoða tekjulág heimili. Honum finnst óráðlegt að fíkta með lottótekjur félaganna og leggur til að sambandið fresti breytingum á tekjuútfærslum félaganna til eins árs með það í huga að sambandið sé stöndugt og eigi fyrir því. Leggur til að þingið hafi sambýkktinni.

Viðar, fulltrúi ÍSí, gleðst verulega yfir umræðunni því hún sé nauðsynleg. Hann tók fram að rétt sé að UMFÍ og ÍSí séu eigendur Lottó og engin breyting sé á því að tekjum sé ráðstafað til félaganna. Sú breyting verður á að hluti teknanna verður varið í rekstur svæðisskrifstofa en á móti kemur fjárframlag ríkisins. Sú breyting verður hinsvegar áþreifanlegust að fleiri koma nú að lottósjóðnum en hefur verið og því skerðast framlög til margra félaga eftir því sem nemur félagafjölda. Eðlilega hafa félög skoðanir á lottótekjum ef þær tekjur eru áþreifanlegur hluti af rekstri félaganna.

Anton Freyr tekur dæmi um að lottótekjur, miðað við núverandi stöðu, séu um 20% af tekjum síns félags en hafi verið um 50% áður fyrr og sé það hjá mörgum félögum. Anton áréttar að HSP og UMFÍ séu ekkert annað en aðildarfélögin sem að þeim standa og því séu lottótekjur í eigu félaganna.

Jónas Halldór talar um mikilvægi sjóða fyrir rekstur félaganna og aðstöðujöfnuð, t.d. þegar kemur að ferðakostnaði. Hefði viljað taka hluta af fjárframlagi ríkisins og leggja beint í grasrótina.

Jón Sverrir gerir ráð fyrir að lottóskerðingin verði um 2,3 milljónir sem félögin munu tapa. HSP eigi peninga og því mögulegt að reka sambandið þægilega með tapi í nokkur ár en það sé á ábyrgð þingsins að leggja til taprekstur sambandsins en ekki stjórnar.

Þegar hér var komið í umræðunni gerði þingforseti hlé á dagskránni kl. 11:50 til þess að veita viðurkenningar til íþróttamanns ársins og aðrar viðurkenningar. Lagði þingforseti til að í kjölfarið yrði tekið hádegishlé og nefndarstörf hæfust kl. 12:45.

Kjör íþróttamanns HSP

Í ár var í fyrsta skipti kosið eftir nýrri reglugerð um kjör íþróttamanns HSP en nú hafa stjórnir aðildarfélaga og deilda atkvæðisrétt líkt og stjórn HSP. Eftirfarandi íþróttamenn voru í kjöri til íþróttamanns HSP og hlutu þau, auk eigna- og farandbikara, peningalegan styrk frá HSP og Sparisjóði Suður-Þingeyinga. Íþróttamenn ársins 2023 voru eftirfarandi:

- **Hildur Sigurgeirsdóttir**, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem Bocciamaður HSP 2023
- **Sigrún Marta Jónsdóttir**, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem Blakmaður HSP 2023
- **Ruth Ragnarsdóttir**, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem Frjálsíþróttamaður HSP 2023
- **Hildur Anna Brynjarsdóttir**, Völsungi, hlaut viðurkenningu sem Knattspyrnumaður HSP 2023
- **Smári Sigurðsson**, Goðanum, hlaut viðurkenningu sem skákmaður HSP 2023
- **Kristján R. Arnarson**, Skotíþróttafélagi Norðurlands, hlaut viðurkenningu sem skotíþróttamaður HSP 2023.



Íþróttamaður HSP 2023 var kjörin Sigrún Marta Jónsdóttir. Það var Jón Sverrir, formaður HSP, sem afhenti íþróttafólkinu viðurkenningar sínar.

Þá var komið að því að veita heiðursviðurkenningar HSP en tvær tilnefningar bárust til Gullmerkis HSP og afhenti Jón Sverrir þær viðurkenningar einnig:

Gullmerki HSP:

- **Freydís Anna Arngrímsdóttir.** Freydís Anna, eða Systa eins og hún er kölluð, hefur verið formaður leikdeildar Umf. Eflingar til margra ára og staðið fyrir eða tekið þátt reglulegum leiksýningum í Breiðumýri – í ár er engin undantekning og standa nú yfir sýningar á leikverkinu í gegnum tíðina. Systa er einnig öflugur leikari og hefur leikið í flestum ef ekki öllum sýningum frá því leikdeildin var endurvakin kringum 1990 og er þetta 23 leikverkið sem hún tekur þátt í með leikdeildinni. Án hennar væri starfið ekki svona gott og það er fyrir hennar tilstilli að gott samstarf er t.d. við Framhaldsskólann, hún er vakin og sofin yfir leikurunum, passar að þau hafi eitthvað að maula á æfingum, passar að þau mæti, kemur fyrst og fer síðust út úr húsinu, er í frágangi og tiltekt eftir hverja æfingu og sýningu. Systa er sannarlega hvalreki þegar kemur að leikstarfi og á fyllilega skilið að fá viðurkenningu fyrir það starf sem hún heldur úti af einskærum áhuga og í algeru sjálfbóðaliðastarfi.
- **Hörður Þór Benónýsson.** Hörður Þór er hinn helmingurinn af Systu, þar sem annað þeirra er hitt líka. Höddi hefur verið virkur og öflugur þátttakandi í leikstarfi Umf. Eflingar allt frá unglingsárum en leikverkið í ár er það 27. sem hann tekur þátt í. Fyrstu árin sem leikari, leikmyndasmiður og leiknefndarmaður en hin seinni ár einnig sem höfundur og leikstjóri. Hörður hefur komið að því að semja fjögur verk fyrir leikdeildina, má þar nefna Landsmótið (2004) sem var sýnt alls 35 sinnum og fór m.a. alla leið í Þjóðleikhúsið fyrir áhugaverðustu áhugaleiksýningu ársins. Önnur verk eftir hann er Ólafía (2010), Í gegnum tíðina (2012) og Í beinni (2014). Höddi er því einn af máttarstólpum leikdeildarinnar og glæðir leikstarfið með fagmennsku í leik, leikstjórn og handritagerð og á þessa viðurkenningu fyllilega skilið.

Að þessu loknu (12:05) var þingfulltrúum og gestum boðið að þiggja veitingar sem framreiddar voru af foreldrahópi og frjálsíþróttaiðkendum Umf. Eflingar sem stefna á Gautaborgarleikana í sumar.

10. Skipan í starfsnefndir – nefndarstörf (kl. 12:45)

Þinginu var skipt í 2 nefndir – Laga- og fjárhagsnefnd og Allsherjar- og íþróttanefnd. Jón Sverrir var formaður Laga- og fjárhagsnefndar og sat sú nefnd í aðalsalnum en Aðalbjörn Jóhannsson formaður Allsherjar- og íþróttanefndar og starfaði sú nefnd í kaffistofunni. Þingfulltrúar settust í þá nefnd er þeir kusu og tóku þátt í nefndarstörfum. Þingnefndir störfuðu til kl. 14:00.

11. Afgreiðsla mála (kl.14:00)

Að nefndarstörfum loknum var þingfulltrúum boðið að þiggja kaffiveitingar og hlýða á niðurstöður nefnda þingsins og afgreiða þingskjölin. Formenn nefndanna voru kallaðir upp í pontu þar sem þeir kynntu niðurstöður sinnar nefndar. Hver tillaga var tekin fyrir til umræðu og afgreiðslu með formann í pontu.

Tillögur laga- og fjárhagsnefndar (þingskjöl 5, 6 og 7) voru teknar fyrir fyrst, Jón Sverrir gerði grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar:

Þingskjal 5 Breytingar á lottóreglugerð sambandsins

Nefndin gerði að tillögu sinni að þingskjali 5 verði vísað frá, Jón Sverrir las upp greinargerð nefndarinnar:



Í þingskjali 5 er gert ráð fyrir að breyta lottóreglugerð HSP til að sambandið verði rekið á núlli á árinu 2024. Ástæðan fyrir þessari breytingu eru miklar breytingar sem ÍSÍ og UMFÍ hafa gert á sínum lottó úthlutunarreglum. Það gerir það að verkum að gert er ráð fyrir mun lægri lottótekjum til HSP frá því sem verið hefur. Gert er ráð fyrir að þær dragist saman um tæpar 7,3 milljónir. Fari niður í 8,5 milljónir á árinu 2024 úr tæpum 15,8 milljónum árið 2023. Þessar breytingar eru tilkomnar vegna svæðaskrifstofa sem ÍSÍ er að setja á laggirnar. 100 milljónir af lottótekjum eru að fara í þær ásamt framlagi frá ríkinu uppá 200 milljónir. Hinsvegar er ekki alveg ljóst hver verkefni þessara skrifstofa verður og eins hvernig hvatasjóður sem á að stofna muni virka. Það er því mörgum spurningum enn ósvarað.

Þingskjal 5 gerir ráð fyrir gríðarlega miklum breytingum á lottóreglugerð sambandsins, breytingum sem ætti að fara varlega í á meðan við vitum ekki hvernig breytingarnar verða með tilkomu svæðaskrifstofa og hvatasjóðsins. Þingskjalið gerir ráð fyrir að greiðslur til félaga verði 2,5 milljónir. Ef lottóreglugerð HSP myndi haldast óbreytt, það er þetta þingskjal myndi ekki verða samþykkt, má áætla að greiðslur til félaga verði 6,375,000. Breytingar sem ÍSÍ og UMFÍ hafa gert á úthlutun einar og sér munu því skerða hlut félaga umtalsvert eða um tæpar 5,5 milljónir. Ef við ákveðum að breyta ekki lottóreglugerð HSP að þá má gera ráð fyrir að sambandið verði því rekið með halla uppá 3,805,000 kr. En af hverju ættum við að ákveða að reka sambandið með halla?

1. Við vitum ekki hvaða breytingar eru að eiga sér stað með tilkomu svæðisskrifstofa og hvatasjóðs.
2. Breytingar ÍSÍ og UMFÍ eru þegar að hafa mikið áhrif á félög og við myndum aðeins milda skellinn sem er að eiga sér stað
3. HSP hefur verið rekið með góðum afgangi árið 2021, 2022 og 2023 eða afgangi uppá samtals 9,679,951 kr ásamt því að eiga ríflega 20 milljónir í sjóð.

Það er því óráðlegt fyrir sambandið að rjúka af stað og breyta sinni reglugerð. Við erum í raun í miðri á breytinga sem við vitum ekki hverjar verða. Milda ætti höggið á félögin og standa þar með vörð um þau að minnsta kosti þetta árið. Sjá hverju breytingarnar skila sér og í framhaldi að taka umræðu að nýju upp á næsta þingi. Vonandi vitum við þá meira hverjar breytingarnar eru og hverju þær skila sér í íþróttastarfi félaganna okkar. Sambandið á ekki að ýkja höggið sem þegar hefur verið veitt. Sambandið á að reyna hvað það getur til að milda það og sambandið er fullfært um það.

Þingforseti bauð þingfulltrúum að ræða niðurstöður nefndarinnar, enginn hvað sér hljóðs.

Frávísunartillaga nefndarinnar borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða – Þingskjal 5 er vísað frá.

Þingskjal 6 Fjárhagsáætlun 2024

Í ljósi niðurstöðu vegna þingskjals nr. 5 bar Jón Sverrir upp breytingartillögu sem nefndin gerði við þingskjal 6, fjárhagsáætlun HSP. Lottóreglugerð HSP er óbreytt og því renna 5% af lottótekjum í verkefnasjóð og 75% deilist til aðildarfélaga. Jafnframt gerði nefndin það að tillögu sinni að vaxtatekjur ársins 2023 myndu renna í verkefna- og styrktarsjóð. Gert er ráð fyrir taprekstri árið 2024.

Engar umræður voru um breytingartillögu við fjárhagsáætlun. Breytingartillaga nefndarinnar borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða. Samþykkt fjárhagsáætlun fylgir:

Fjárhagsáætlun HSP 2024					
	<i>Áætlun 2024</i>	REKSTUR 2023	<i>Áætlun 2023</i>	REKSTUR 2022	REKSTUR 2021
Framlög og styrkir	12.460.000	20.869.725	17.870.000	19.729.540	19.349.136
Lottó ÍSÍ og UMFÍ	8.500.000	15.787.479	13.500.000	14.921.414	14.749.284
Getraunir 1x2	250.000	406.552	250.000	267.899	167.486



Rekstrarstyrkir frá sveitarfélögum	3.400.000	3.571.200	3.060.000	3.409.280	3.108.480
Styrkir ÍSÍ (útbreiðslustyrkir)	-	898.790	750.000	965.414	773.886
Styrkir v. ULM	200.000	-	200.000	-	40.000
Styrkir v. Æfum alla ævi	-	-	-	-	400.000
Aðrir styrkir	110.000	205.704	110.000	165.533	110.000
Aðrar tekjur	40.000	1.551.000	1.340.000	1.592.500	1.556.000
Skattar félaga	-	1.403.000	1.300.000	1.418.500	1.432.000
Leiga HSP tjaldi	40.000	180.000	40.000	170.000	120.000
Niðurfelld ógr. Tjaldaleiga frá 2019	-	-40.000	-	-	-
Vörusala (bún., bækur, pennar ofl)	-	8.000	-	4.000	4.000
Rekstrartekjur alls	12.500.000	22.420.725	19.210.000	21.322.040	20.905.136
Rekstrargjöld	<i>Áætlun 2024</i>	REKSTUR 2023	<i>Áætlun 2023</i>	REKSTUR 2022	REKSTUR 2021
Laun og launat. gjöld 50% frkv.	5.500.000	5.056.460	5.000.000	3.738.875	3.664.963
Styrkir til félaga	6.375.000	11.840.611	10.125.000	11.173.512	11.136.440
Lottó	6.375.000	11.840.611	10.125.000	11.173.512	11.136.440
Áhöld, tæki og búningar	50.000	1.975	50.000	-	-
HSP - kerra	50.000	1.975	50.000	-	-
Þátttaka í mótum	300.000	230.344	250.000	68.234	-
Þátttökukostn. ULM	200.000	128.160	200.000	52.000	-
Annar kostn.	100.000	102.184	50.000	16.234	-
Verðl., bikarar, annar mótakostn.	50.000	50.000	100.000	103.900	90.000
Húsaleiga / skrifstofa Laugar	135.000	128.139	130.000	50.360	120.000
Rekstur skrifstofu	1.670.000	1.720.393	2.000.000	1.551.939	1.088.395
Sími, ritföng, póstkostnaður	55.000	47.258	50.000	44.551	39.185
Þingkostnaður Ársþing HSP	755.000	793.901	750.000	755.591	552.384
Ferðakostnaður stjórnar	100.000	-	100.000	-	-
Ferðak. Fundir/þing UMFÍ og ÍSÍ	200.000	431.549	400.000	104.910	75.908
Bókhald og endurskoðun	310.000	287.859	350.000	286.780	235.584
Auglýsingakostnaður	100.000	39.900	150.000	117.738	113.486
Annar skrifstofukostnaður	150.000	119.926	200.000	242.369	71.848
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	1.715.908	1.378.940	1.375.000	1.239.095	1.948.398
Verkefna- og styrktarsjóður HSP	1.565.908	1.078.940	1.075.000	939.095	1.324.810
Styrkir Frjálsíþr.ráð	150.000	300.000	300.000	300.000	300.000
Annar fræðslu- og útbreiðslukostn.	-	-	-	-	323.588
Önnur gjöld	150.000	29.252	200.000	88.557	14.243
Rekstrargjöld alls	15.945.908	20.436.114	19.230.000	18.014.472	18.062.439
Hagnaður / tap	- 3.445.908	1.984.611	- 20.000	3.307.568	2.842.697

Þingskjal 7 Endurskoðun á úthlutnarreglum verkefnasjóðs

Í samræmi við niðurstöður nefndarinnar á þingskjölum 5 og 6 lagði nefndin til að þingskjali 7 væri vísað frá og halda reglunum óbreyttum. Engar umræður.

Frávísunartillaga nefndarinnar borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða – Þingskjali 7 er vísað frá.

Fjárhags- og laganevnd óskaði eftir því að leggja fram tillögu til þingsins svohljóðandi:

Þingskjal 11 – tillaga úr fjárhags- og laganevnd

Ársþing HSP, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024 felur stjórn HSP að beita sér fyrir því að starfslýsingar og hlutverk svæðisskrifstofu á Norðurlandi eystra hafi í för með sér beina fjárhagslega hagræðingu fyrir HSP, þ.e.a.s. skrifstofan taki einhver verkefni af herðum sambandsins og létti þar með fjárhagslega undir með HSP og aðildarfélögum. Þetta er nauðsynlegt til þess að koma til móts við aðildarfélögin vegna skertra lottótækna til sambandsins. Stjórn sambandsins leiti jafnframt allra leiða til þess að finna aðra eða efla þá tekjustofna sem sambandið hefur til þess að koma til móts við skertar lottótekjur.



Engar umræður urðu um tillöguna. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Þá var komið að því að fara yfir þingskjölin (1, 2, 3 og 4) sem lágu fyrir allsherjar- og íþróttanefnd. Aðalbjörn Jóhannsson formaður nefndarinnar kom í pontu og gerði grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar:

Þingskjal 1 Pakkar- og hvatningartillögur

Nefndin lagði til að þingskjalið væri samþykkt óbreytt. Engar umræður. Þingskjal 1 borið upp og samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2 Breytingar á aðildarfélögum HSP

Nefndin lagði til að þingskjalið væri samþykkt óbreytt. Engar umræður. Þingskjal 2 borið upp og samþykkt samhljóða.

Þingskjal 3 Staðsetning næsta ársþings

Nefndin lagði til að þingskjalið væri samþykkt óbreytt. Tillaga kom úr sal að þingið yrði haldið á laugardegi næst (og boðið upp á naut og bernaise). Þingskjal 3 borið upp og samþykkt samhljóða.

Þingskjal 4 Lagabreytingar fyrir næsta þing

Nefndin leggur til órlitlar viðbætur við tillöguna. Aðalbjörn les upp breytta tillögu:

Ársþing HSP, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024, samþykkir að fela stjórn HSP að vinna að breytingum á lögum HSP með það að markmiði að ársþing HSP verði haldið á tveggja ára fresti og formannafundur þar á milli. Stjórn HSP er falið að vinna eftir þeim áherslum sem samþykktar eru á þinginu 2024 varðandi stjórnarkosningar og annað er viðkemur þessum lagabreytingum.

Áherslur ársþings HSP eru að kjör stjórnarmanna gildi í tvö ár á milli komandi héraðsþinga en að formannafundur fái umboð til þess að kjósa í stjórn ef aðstæður krefjast þess. Þingið leggur einnig til að uppstillinganefnd sé kjörin af formönnum félaganna á formannafundi.

Gunnhildur, framkvæmdastjóri HSP, spyr hvort það sé rétt skilið að stjórnin gæti þá verið kosin út á einu bretti. Aðalbjörn jánkur því. Því er jafnframt beint til stjórnar að við endurskoðunina verði lög ÍSÍ og UMFÍ varðandi formannafundi, vægi þeirra og hlutverk skoðuð þannig að nýjar lagatillögur samræmist þeim áherslum sem þar koma fram og gangi ekki gegn lögum ÍSÍ eða UMFÍ.

Þingskjal 4 ásamt viðbótum frá nefndinni er borið upp og samþykkt samhljóða.

Íþrótt- og allsherjarnefnd hafði nægan tíma til að velta hlutum fyrir sér og vildi leggja til eftirfarandi þrjár tillögur fyrir þingið:

Þingskjal 8 – tillaga frá allsherjar- og íþróttanefnd, áhersla á eldri hópa

Ársþing HSP, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024, samþykkir að beina því til stjórnar og aðildarfélaga að styðja við og styrkja skipulagt félags- og íþróttastarf fólks á öllum aldri með sérstaka áherslu á að efla starf fullorðins fólks. Stefnt skuli að öflugri þátttöku á landsmótum UMFÍ fyrir fólk 50 ára og eldra.

Engar umræður urðu um tillöguna. Tillagan (þingskjal 8) var borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Þingskjal 9 – tillaga frá allsherjar- og íþróttanefnd, fjölbreytileiki og þátttaka í íþróttastarfi

Ársþing HSP, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024, samþykkir að hvetja aðildarfélög sambandsins til að horfa sérstaklega til fjölbreytni einstaklinga á starfssvæði sínu með það í huga að fólk með ólíkar þarfir geti sótt skipulagt íþrótt- og félagsstarf við eigið hæfi. Þá sé mikilvægt að horfa sérstaklega til iðkunar fatlaðra og samstarfs ungmenna- og íþróttafélaga þegar við á. Þingið minnir aðildarfélögin á verkefni íþróttahreyfingarinnar sem snúa sérstaklega að því að styðja við þátttöku fatlaðra.



Engar umræður urðu um tillöguna. Tillagan (þingskjal 9) var borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Þingskjal 10 – tillaga frá allsherjar- og íþróttanefnd, hvatning til fjölgunar

Ársþing HSB, haldið á Breiðumýri 10. mars 2024, samþykkir að hvetja félagsfólk á starfssvæði sínu til þess að eignast fleiri börn.

Engar umræður urðu um tillöguna. Tillagan (þingskjal 9) var borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

12. Kosningar (kl. 14:30)

- Formaður. Jón Sverrir Sigtryggsson, sitjandi formaður, var kjörin til áframhaldandi setu.
- Aðalmenn í stjórn. Sigfús Hilmir Jónsson var kjörinn til áframhaldandi setu í stjórn til tveggja ára. Jónas Halldór Friðriksson var kjörinn til áframhaldandi setu í stjórn til tveggja ára.
- Varamenn í stjórn. Dagbjörk Aradóttir kjörin til áframhaldandi setu sem varamaður í stjórn.
- Skoðunarmenn reikninga. Gunnhildur Stefánsdóttir og Hrafnhildur Geirsdóttir kjörnar aftur.
- Fulltrúi á íþróttaping ÍSí. Samþykkt að vísa vali á fulltrúa til stjórnar .

13. Önnur mál (14:34)

Hermann Aðalsteinsson auglýsti héraðsmótið í skák sem haldið verður í Ýdölum í Aðaldal laugardaginn 16. Mars kl. 13:00. Aðildarfélögum boðið að auglýsa hjá sér eftir þátttöku.

Viðar, fulltrúi ÍSí, óskaði stjórn til hamingju og þinginu jafnframt fyrir góð störf. Vill hrósa þingfulltrúum fyrir umræður og frammistöðu á þinginu og þingforseta fyrir röggsama þingstjórn. Frammistaða þingfulltrúa hafi verið góð og góðs viti um félagsframtið HSB.

Arnór þakkar þingfulltrúum fyrir góða þátttöku í fundinum.

14. Þingslit (14:38)

Þingforseti þakkaði fyrir sig og gaf endurkjörnum formanni aftur þingstjórn.

Jón Sverrir, formaður sambandsins, þakkar þingfulltrúum fyrir undirbúning sinn og góðar umræður og slítur þingi.

Viðauki – þátttaka í nefndum

Allsherjar- og íþróttanefnd:

Gísli Gunnar Oddgeirsson
Sigurlína Tryggvadóttir
Valgerður Jósefsdóttir
Sigríður Jóhannesdóttir
Ragnheiður Jóna Leví Grétarsdóttir
Arnþór Haukur Birgisson
Dagbjört Aradóttir
Birna Björnsdóttir
Hulda Þórey Garðarsdóttir
Brynjar Þór Vigfússon
Aron Fannar Skarphéðinsson
Sigurður Dagbjartsson
Kristján Gunnólfsson
Gísli Jónsson



Guðrún Eiríksdóttir
Jón Óli Sigfússon
Bjarki Helgason
Berþóra Th. Þórarinsdóttir
Sigríður árdal
Aðalbjörn Jóhannsson

Fjárhags- og laganeínd:

Karl Magnússon
Úlla Árdal
Gunnar Guðmundsson
Arnþór Pétursson
Freyr Ingólfsson
Ármann Örn Gunnlaugsson
Jónas Halldór Friðriksson
Sigrún Marta Jónsdóttir
Hildur Anna Brynjarsdóttir
Jóhanna Jóhannesdóttir
Anton Freyr Birgisson
Sigurbjörn V. Friðgeirsson
Hulda Kristín Baldursdóttir
Kristján R. Arnarson
Eggert Stefánsson
Valur Snær Guðmundsson
Fannar Ingi Sigmarsson
Berglind Ýr Ingvarsdóttir
Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir
Hermann Aðalsteinsson
Hallur Þór Hallgrímsson
Jón Sverrir Sigtryggsson